

# Samþykkt um viðhald og uppsetningu ljósabúnaðar í dreifbýli.

Fljótshérað tekur að sér að viðhalda öllum ljósabúnaði á lögbylum í dreifbýli Fljótshéraðs, þar sem sveitarfélagið hefur kostað uppsetningu á ljósabúnaði, samkvæmt samþykkt þessari. Um er að ræða allan ljósabúnað sem Fljótshérað hefur sett upp og kostað á undangengnum árum við lögbyli á Fljótshéraði, þó aldrei meira en einum staur á bæ. Fjallar samþykkt þessi um viðhaldsskyldu sem Fljótshérað mun framkvæma í áföngum, ár frá ári, þar til heildar yfirferð er lokið á öllum lýsingarbúnaði á viðkomandi lögbylum.

Tekin skal afstaða til kostnaðar við viðhaldið sem fellur til við að framkvæma það, við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og verður verkefnið bundið þeirri fjárhæð sem staðfest er af bæjarstjórn Fljótshéraðs. Ef fjárhæð sem ætluð er til verkefnisins dugur ekki verður hluta viðhaldsins frestað fram á árið á eftir.

Fljótshérað mun semja við verktaka, eða bjóða út viðhald ljósabúnaðar eftir því sem við á hverju sinni. Sveitarfélaginu verður skipt upp í fimm svæði og verður eitt til tvö svæði tekin árlega til viðhalds. Verða þá öll lögbyli á því svæði sem tekin eru til viðhalds það árið heimsótt, farið yfir ljósabúnað, hann lagfærður og skipt út biluðum íhlutum og perum.

Fljótshérað kemur til með að kosta allt viðhald umrædds búnaðar ásamt ferðakostnaði. Verkefninu er skipt upp í eftirfarandi áfanga. Verður viðhaldi sinnt eftir dálknum, unnið viðhald / ár hér að neðan:

Áfangi	Svæði	Uppsetn.ár	Fjöldi staura	Unnið viðhald/ár	Næsta viðhaldsár
1	Jökuldalur	1993	28	2008	2013
2	Eiðar/Hjaltast.þinghá	1996	40	2008	2013
3	Tunga og Hlíð	2001	45	2009	2014
4	Fell og Vellir	2008	47	2013	2017
5	Skriðdalur	2009	23	2014	2018

Samtals: 183

Fljótshérað áskilur sér rétt til að fresta viðhaldi ef ekki fást verktakar til að sinna viðhaldi innan tilskilins frests.

Fljótshérað kemur ekki til með að sinna viðhaldi ljósabúnaðar utan þess tíma sem skilgreindur er samkvæmt „unnið viðhald / ár“. Ef lýsingarbúnaður á lögbyli bilar kemur Fljótshérað ekki til með að viðhalda honum fyrr en röðin kemur að heildar viðhaldi á viðkomandi svæði. Verða því ábúendur lögbyla sjálfir að kosta viðhald lýsingarbúnaðar utan skilgreinds viðhaldstíma / árs. Fljótshérað lætur þó í té ljósaperur endurgjaldslaust.

Á lögbylum þar sem ekki hafa verið settir upp ljósastaurar, lætur Fljótshérað í té ljósastaur, ljósastæði og viðeigandi lagnaefni allt að 50 metrum. Ábúandi skal framkvæma verkið á eigin kostnað í samráði við löggiltan rafvirkjameistara.

Samþykkt þessi var staðfest af bæjarstjórn Fljótshéraðs dags. 2.nóvember 2011.